

Fundargerð tengiliðafundar Fuglahundadeildar 27.1.2021

Fundur settur kl. 18 að Norðlingabraut 8, miðvikudaginn 27. janúar. Fundinn sátu Atli Ómarsson, Bragi Valur Egilsson, Edda S. Thorlacius, Guðrún Helga Steinsdóttir, Gunnar K. Magnússon, Haukur Reynisson, Jón Ásgeir Einarsson, Katla Kristjánsdóttir, Kristín Jónasdóttir, Selma Guðnadóttir, Sigrún Hulda Jónsdóttir og Unnur A. Unnsteinsdóttir.

Efni fundar

Fá hugmyndir að leiðum til að efla starf deildarinnar.

Umræður á fundi

Eins og staðan er í dag er engin lýsing til á hlutverki tengiliða, ákveðið að fara sameiginlega í þá vinnu að móta betur hlutverkið.

Rætt um að halda kynningar/námskeið fyrir nýliða og lengra komna, mismunandi getustig og þekking innan tegunda – nokkrar tillögur sem komu upp, svo sem:

Hvernig eru prófin, hvernig fara þau fram; Sækiþróf, heiðarþróf og meginlandshundapróf

Hvernig eru fuglahundar þjálfaðir, fróðleiksmolar sem reynast í hópnum sem væri hægt að draga saman

Búnaður bæði manna og hunda

Prófstjóranámskeið

Meginlandshundanámskeið

Tillaga að halda námskeið/fræðslu, halda svo göngur í framhaldi – hægt að byggja upp í kringum próf

Sýningar, skýringar á borðum, titlum, hvernig er sótt um titla

Sýninganámskeið

Mikið af fræðslu/námskeiðum hafa verið innan deildar áður sem mætti taka upp aftur

Sækinámskeið – byrjað inni þar sem farið er yfir æfingarnar á töflu, einn hundur látinn framkvæma allar þrautir sem sýnidæmi áður en hóp er svo skipt upp á stöðvar

Heiðaprófsnámskeið – byrjað inni þar sem farið er yfir þjálfunaraðferðir og hvað við gerum á heiðinni – hóp skipt upp í minni hópa og farið á mismunandi svæði

Kom hrós til stjórnar og þá sér í lagi til Kristínar og Hauks fyrir meginlandshundaprófin – eru að svara þörfum margra tegunda og þarf því að standa vörð um prófin í starfinu

Stofnaður verði hópur á facebook meðal tengiliða, stjórnarmanna og göngunefndar þar sem hægt verði að ræða næstu viðburði og þá setja upp dagskrá fyrir tímabilið

Tengiliðir fái tækifæri til að taka meira þátt í viðburðum og koma með tillögur sem þeir telja muni henta innan sinnar tegundar

Tengiliðir geti jafnframt ef áhugi er fyrir komið að framkvæmd prófa í samstarfi við prófstjóra

Fá kistu með lás til að setja í Sólheimakot, hægt verði að setja í kistuna fugla sem félagsmenn geta séð af og þannig safnað fuglum til æfinga og í próf

Halda ársfund í tengslum við viðburði hjá deildinni þannig þeir sem eru búsettir úti á landi hafi færi á að koma á ársfundi

Senda erindi á HRFÍ varðandi rafræna kostningu – stjórn tekur þennan bolta áfram

Erindi sent á stjórn til umræðu á fundi varðandi hvaða félagsmenn eiga kostningarrétt í FHD – reglur HRFÍ segja til um þetta ákvæði. Hugmynd að stjórn stilli upp tilmælum um hvernig við viljum hafa regluna og senda erindi á HRFÍ fyrir aðalfund félagsins þar sem um lagabreytingu er að ræða. Hér þarf að hafa í huga hvað sé eðlileg krafa þegar að árafjölda

Síða þar sem hægt er að panta Sólheimakot verði sett á facebook hóp tengiliða, stjórnar og göngu- og fræðslunefndar

Fundi lokið kl. 19.20